

Stjórnarfundur USVH þriðjudaginn 2 desember

Mættir eru: Anton Birgisson, Sveinbjörg Pétursson, Guðný Björnsdóttir, Ómar Eyjólfsson, Katarína Borg

Dagskrá fundar

1. Íþróttamaður ársins

- Framkvæmdastjóri sendir á aðildarfélög og óskar eftir tilnefningum, sendir út auglýsingu og óska eftir tilnefningum frá almenning. Pantar verðlaun og fá farandbikar til baka. Veitt verða verðlaun fyrir efstu 3 sætin og viðurkenning fyrir þá sem á eftir koma. Verðlaunaafhending verður 29/30 desember. Athugað verður með að hafa samband við rekstraraðila Hlöðunar með að vera með verðlaunaafhendinguna þar. Framkvæmdastjóri sendir á þá sem voru tilnefndir og býður þeim á verðlaunaafhendinguna.

2. Önnur mál

- Rætt um að hafa hvatningarverðlaun fyrir unglíngastarfið og rætt um að veita verðlaun fyrir sjálfboðaliða ársins. Framkvæmdastjóri sendir póst á aðildarfélög og heyrir afstöðu þeirra gagnvart að veita slík verðlaun og hvetur þau að koma með tilnefningar í framhaldi af því.
- Rætt um að veita styrk til einstaklings með lögheimili hér sem æfir íþróttir í öðru sveitarfélagi. Framkvæmdastjóri hvetur foreldra að sækja um í fyrri úthlutun styrktarsjóðs eftir áramót.

Fundi slitið kl: 17:03.